

22
18. júlí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur.
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa, vöruskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, sem skipin eiga að fá hér á landi, skal greiða kr. 1,25 af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $\frac{1}{2}$ smálest eða þar yfir ber að telja heila smálest, en sleppa því sem er minna en $\frac{1}{2}$ smálest. Gjald þetta skal greiða á hinni fyrstu höfn á landinu, er skipið tekur til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki í land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi greiða gjald á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarovotta.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða kr. 1,25 gjald af hverri smálest á fyrstu höfn er þau taka, þó ekki nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 65 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg 18. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.